

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Borgartún 26

105 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Mál nr. 454/2025

Tillaga ráðherra um Hamarsvirkjun í biðflokk

Reykjavík, 28.09.2025

Inngangur

Ráðherra leggur fram tillögu um að færa Hamarsvirkjun úr verndarflokki í biðflokk. Þann 10. mars 2025 skilaði verkefnisstjórn verndar- og orkunýtingaráætlunar (Rammaáætlun) álit á fimm nýjum virkjunarkostum: Bolaöldu, Tröllá, Hvanneyrardal, Skúfnavötnum og Hamarsvirkjun. Þar var lagt til að Hamarsvirkjun færi í verndarflokk en hinir kostirnir í nýtingu. Að mati Landverndar er það alvarlegt bakslag að eini kosturinn sem faghópar og verkefnisstjórn mátu í vernd sé tekinn til breytingar frá ráðherra sjálfum og veltir fyrir sér þeirri vegferð á grunni þess hve heildarmat á verndargildi svæðisins er metið hátt á grunni ítarlegrar vinnu sérfræðinga. Landvernd hefur áður sent inn umsagnir um áformaða Hamarsvirkjun á ýmsum stigum meðal annars eftirfarandi https://landvernd.is/wp-content/uploads/2024/08/Umsogn-fimm-virkjanakostir_Landvernd.pdf

Ráðherra má ljóst vera hvílíkt bakslag þessi tillaga leiðir af sér ef meiningin er í alvöru að fara gegn staðreyndum gögnum en í samráðskjali er gerð tilraun til að réttlæta breytinguna með því að véfengja rök sérfræðinga faghópa rammaáætlunar um mjög hátt verndargildi svæðisins. Sérlega óheppilegt er að afmarkaður hópur kjörinna fulltrúa sveitarfélaga hefur gengið lengst í að véfengja niðurstöður faghópa, ásamt orkufyrirtækinu Artic Hydro skuli fá einir athygli í samráðskjali og að því er virðist með það að markmiði að skaða rannsóknarvinnu sérfræðinga sem hafa skilað óyggjandi niðurstöðum í áhrifamati um Hamarsvirkjun.



Prándarjökull – Hamarsdalur – Vesturbót

Hátt verndargildi

Landvernd áréttar niðurstöður faghópa og verkefnisstjórnar rammaáætlunar um Hamarsvirkjun. Niðurstöður á heildarmati eru svo afdráttarlausar og skýrar að ekki ætti að þurfa að rökstyðja verndina frekar. Þegar horft er til heildarniðurstöðu í áhrifamati að virðist ráðherra með tillögu sinni að veikja stöðu rammaáætlunar og allra sérfræðinga sem lagt hafa gríðarlega vinnu í matið. Svo er að sjá að Hamarsvirkjun með óvæfengjanlegu áhrifamati á verndargildi sé orðin skiptimynt í pólitískum hrossakaupum milli meiri og minnihluta þingsins.

Sjá til eftirfylgni tillögu verkefnisstjórnar 5. áfanga og mat á einstökum virkjanakostum þar sem Hamarsvirkjun er metin ekki bara hæst heldur langhæst í heildarmati við aðra virkjanakosti sem voru til skoðunar: https://www.ramma.is/media/almennt/Heildarmat-a-5-virkjunarkostum_lokaskýrsla-til-radherra_10.3.2025.pdf

Í samanteknum niðurstöðum verkefnisstjórnar með rammaáætlun kemur meðal annars fram; „Verkefnisstjórn leggur til að virkjunarkosturinn Hamarvirkjun verði flokkaður í verndarflokk rammaáætlunar og byggir það mat að mestu á rökstuðningi úr greiningum faghóps 1 á verðmætum náttúru svæðisins og áhrifum virkjunar á þau. **Einnig er rétt að benda á að þegar áhrif þessa virkjunarkosts eru borin saman við stærra mengi virkjunarkosta í fyrri áföngum kemur vel fram hversu háa verðmætæinkunn þetta svæði fær og hversu mikil áhrif virkjunin hefur á þau verðmæti.** Í fylgiskjöllum eru jafnframt svör viðkomandi faghópa við ábendingum og athugasemdum sem beindust að vinnu og niðurstöðum þeirra um virkjunarkostinn Hamarsvirkjun.”




Hamarsá neðan áformaðrar stíflu – fossar og flúðir munu hverfa.

Náttúrufræðistofnun Íslands er ein af lykilstofnunum sem heyra undir Umhverfis, orku- og loftslagsráðuneytið og sú stofnun styður í öllum atriðum niðurstöðu verkefnisstjórnar um að Hamarsvirkjun eigi að flokka í verndarflokk: Eftirfarandi er klippa úr umsögn NÍ þegar Hamarsvirkjun var til umsagnar og var þá réttilega flokkuð í vernd. „... **ýmsir náttúrufarsþættir sem yrðu fyrir áhrifum af virkjun Hamarsár eru metnir með hátt eða mjög hátt verndargildi ... Heildareinkunn fyrir verðmæti náttúrufarsþátta er með þeim hæstu ... Þar vegur þyngst hátt verðmætamat á landslagi, víðernum, jarðminjum og vatnafari.**“

Náttúruverndarsamtök og aðrir hagsmunaaðilar sem láta sig umhverfis- og náttúruvernd varða hljóta að spyrja ef þessar háu vægiseinkanir, með aðkomu þeirra tuga sérfræðinga utan og innan stofnana, verði ekki leiðandi fyrir ákvörðunartöku hvernig komið er fyrir stjórnarsýslu og lýðræði í landinu og þar með stjórnþækinu rammaáætlun sem að mati Landverndar má ekki við frekari árásum en orðið hafa frá orkugeiranum, Samtökum iðnaðarins og nú ráðherra sjálfum.

Kynning fyrir faghópi 1
í Ramma 5



Víðerni á upptakasvæði Hamarsár er metið með mjög hátt verndargildi. Á þetta mat ásamt öðrum þáttum hafa fulltrúar Artic Hydro haft uppi ómálefnalega gagnrýni m.a. í umsögnum í garð sérfræðinga og faghópa. Þó að slíkar dylgjur séu tæpast svaraverðar þá liggja engu að síður hér fyrir rök sem svara gagnrýni frá fulltrúum orkufyrirtækisins og einnig fulltrúum sveitarfélaga sem hafa lagt sig fram um að véfengja endurtekið niðurstöður sérfræðinga faghópa um verkefnið. Ekki þarf að fjölyrða að hvorki fyrirtækið Artic Hydro eða viðkomandi sveitarfélög hafa á neinum vísindamönnum eða öðrum sérfræðingum að skipa til að leggja mat á mat sérfræðinga faghópanna. Þá staðreynd ætti ráðherra að taka alvarlega þegar horft er til samráðsskjal. Sjáað öðru leyti ítarlegt minnisblað og umfjöllun um óbyggð víðerni vegna Hamarsvirkjunar:

https://www.ramma.is/media/rannsoknir/Minnisblad_ObyggdViderni_AhrifSaudarveitu_28_032020_MedUndirskrift.pdf og hér erindi þar sem Þorvarður Árnason, sérfræðingur í víðernamati, færir rök fyrir niðurstöðu rannsókna um Hamarsvirkjun á nýafstöðnu málþingi um rammaáætlun. https://www.youtube.com/watch?v=p_5jOUw3BI

Ítrekað hefur verið bent á víðtæk náttúruspjöll á hálendi í austri í tengslum við Kárahnjúkavirkjun og Hálslóni og síðan framkvæmdir við fjölmörg stór uppistöðulón á Hraunum sem hafa þegar tekið stóran skerf af Hraunasvæðinu. Víðerni eru orðin fágæt á Austurhálendi sem fram kemur í heildarmati. Frekari röskun á Hraunasvæðinu myndi eyða því sem eftir er af víðernisupplifun á Hraunum.

Víðernistilfinning í heild sinni á hálendi Austurlands myndi svo alfarið heyra sögunni til ef vindorkuver yrðu byggð á Fljótsdalsheiði og eins og áætlanir gera ráð fyrir í tengslum við Hamarsvirkjun. Samlegð þessara áforma hefði átt að gera grein fyrir í heildstæðu áhrifamati í tengslum við eina af helstu sýndu forsendum fyrir virkjun Hamarsár. Þennan þátt vill Landvernd gera alvarlegar athugasemdir við, þ.e. hvernig fyrirtækið hefur komist hjá að rökstyðja grundvöll fyrir að ráðast í Hamarsvirkjun.

Lífriki - Hreindýr

„Verðmætt búsvæði hreindýra er við lónsstæði Hamarsvirkjunar á vissum árstímum. Það er mat leiðsögumanna við hreindýraveiðar á áhrifasvæði Hamarsvirkjunar“

<https://www.ramma.is/media/almennt/Fylgiskjal-3.-Mat-faghops-2-a-ahrifum-virkjana-a-ferdamennsku-utivist-og-landbunad.pdf> Við vinnslu faghópa rammaáætlunar komu fram mikilvægar upplýsingar frá Skarphéðni G. Þórisssyni, líffræðingi og hreindýrasérfræðingi hjá Náttúrustofu Austurlands um farleiðir og burðarsvæði hreindýra á áformuðu virkjanasvæði og í þeim efnum er rétt að geta þess að enginn einn einstaklingur eða sérfræðingur væri betur að sér um áhrifasvæði þessarar virkjunar meðan hans nyti við með reglulegri vöktun um langt árabil.

*Fram kemur í áhrifamati „**Helstu** áhrif á hreindýraveiðar eru þegar búsvæði þeirra raskast vegna mannvirkjauppbyggingar og dýrin færa sig um set“*

*„**Hreindýr** eru á þessum slóðum og því talsvert um hreindýraveiðar á svæðinu“*

*„**Nokkuð** er um hreindýr á svæðinu og felast áhrif virkjunarinnar helst í því að hún á beitarsvæði hreindýra“*

*„**Efnahagslegur ávinningur** af hreindýraveiðum á Austurlandi hefur verið metinn á um 250 milljónir króna“*

*„**Á svæðinu** í kringum Hamarsvirkjun eru verðmæt veiðisvæði fyrir hreindýr og jafnframt möguleikar til fuglaveiði (rjúpa og gæs). Einnig er silungsveiði í Hamarsá og sjógenginn fiskur, einkum sjóbleikja, á fiskgenga hlutanum í ánni en veiði hefur ekki verið skráð reglulega í ánni.“*

*„**Fulltrúi** Búnaðarfélags Austur-Skaftafellssýslu í Hreindýraráði og leiðsögumaður hreindýraveiðimanna um langt árabil á Suðausturlandi, munnleg heimild, október 2020; febrúar 2021) að líklegt sé að hreindýrin fælist frá þessum slóðum „*

*“ **Við framkvæmdirnar** er líklegt að dýrin myndu leita í burtu frá framkvæmdasvæði virkjunarinnar, sem myndi leiða til minni arðs en nú fyrir landeigendur á þessu veiðisvæði. Eftir framkvæmdirnar er líklegt að bættar samgöngur muni leiða til aukinnar umferðar inn á svæðið og það myndi væntanlega fæla hreindýrin enn frekar frá“*

Niðurstöður leiddu því ótvírætt í ljós að áhrif virkjunar myndu því hafa umtalsverð neikvæð áhrif á þann staðbundna hreindýrastofn sem á Austurlandi er.



Fengitími



Skarphéðinn G Þórisson

Hreindýr á fengitíma á áhrifasvæði áformaðrar Hamarsvirkjunar

Sumar

Ljós: Skarphéðinn G Þórisson

Hreindýrahjörð á áhrifasvæði áformaðrar virkjunar Hamarsár

Ferðamennska

„Þrátt fyrir að nokkrir viðmælendur rannsóknarinnar nefndu þessar hugmyndir og þrátt fyrir að fáir ferðamenn fari nú um svæðið taldi samt meirihluti viðmælenda Hamarsvirkjun hafa neikvæð áhrif á ferðamennsku og útivist. Virkjunin myndi spilla fallegu landslagi með lítt snortna náttúru sem væri hluti af stórri víðernisheild á Austurlandi.“

Sjá tilvitn: <https://www.ramma.is/media/almennt/Fylgiskjal-3.-Mat-faghops-2-a-ahrifum-virkjana-a-ferdamennsku-utivist-og-landbunad.pdf>





Yfir Hraunsvæði í átt að Vatnajökli og Snæfelli þar sem víðernum hefur þegar verið spillt í nágrenni

Önnur áhrif á verndargildi og mat á samlegðaráhrifum

„Faghópur 1 bendir á að eftir því sem meira er virkjað innan landsvæða eykst verndargildi þeirra svæða sem eftir standa og er mikilvægt að líta til þess hvað varðar flokkun virkjunarkosta.“

Landvernd minnir á að Hamarsvirkjun hefði fengið enn hærra verndargildi ef samlegðaráhrif annarra áformaðra virkjana á Austurlandi hefðu verið borin saman við hana. Landvernd telur nauðsynlegt að benda á þennan þátt í ljósi þess að fjölmörg önnur virkjanaáform eru á Austurlandi án þess að minnst sé á það orði í samráðsskjali. Engu að síður kemur það fram í áætlunum Artic Hydro eins áður segir að Hamarsvirkjun sé forsenda fyrir annarri virkjanaframkvæmd á vindorkuveri á Fljótsdalsheiði vegna jafnvægisorku. Ef þetta er hið raunverulega plan, hvar er að finna nánari útfærslu á þeim áætlunum sem er þá að sjálfsögðu eðlilegt að væri kynnt samhliða vegna margháttæðra umhverfisáhrifa, m.a. áhrifa á víðerni vegna tenginga á milli orkuvera.



Tilkomumikil gljúfur, hliðarár og fossar og flúðir munu hverfa neðan stíflu í farvegi Hamarsár

Lýðræðishalli og rangar staðhæfingar sveitarfélaga

Ráðherra dregur fram í samráðsskjali skírskotun í valdar umsagnir sveitarfélaga á Austurlandi eins og þær hafi byggt á staðreyndum sem sérstök ástæða sé að koma á framfæri.

Samráðsskjalið hefdi reyndar alveg eins getað innihaldið málflutning fulltrúa orkufyrirtækisins enda er ástæða til að benda á nán tengsl viðkomandi nærsveitarfélaga við Arctic Hydro. Þar sitja að auki við borðið sömu lögfræðingar sem vinna fyrir sveitarfélögin og viðkomandi fyrirtæki í virkjanamálum á svæðinu og hið sama má segja um verkfræðistofuna sem er allt um kring. Þetta hringleikahús hagsmunaaðila innan og utan sveitarstjórnarstigsins er því miður helstu ástæður þess að Hamarsá hefur ekki fengið frið í verndarflokki sem því svæði var réttilega valinn staður. Armslengdarsjónarmið hafa hvergi verið viðhöfð eða virt sem hefur valdið miklum lýðræðishalla á umræðunni um Hamarsvirkjun. Fulltrúar orkufyrirtækisins hafa fengið forgang að borði sveitarfélaga á svæðinu, á meðan félagasamtök og almenningur hafa ekki notið sömu fyrirgreiðslu.

En í samráðsskjalinu er það mat viðkomandi sveitarfélaga að raforkukerfið á Austurlandi sé veikburða, skortur á raforku hamli atvinnuuppbyggingu og að efnahagslegur ávinningur Hamarsvirkjunar sé „nokkuð jákvæður“. Einnig er vísað í samráðsskjali úr sama ranni til ójafnvægis á milli framboðs og eftirspurnar sem hafi hækkað raforkuverð og að til skömmunar á raforku gæti komið. Landvernd hafnar þessum fráleitu fullyrðingum sem eru settar fram í samráðsskjali algjörlega án rökstuðnings. Þetta atriði vill Landvernd fjalla um sérstaklega þar sem grundvöllur þessarar ákvörðunar ráðherra virðist vera upphrópanir frá sveitarfélögum sem sameinuðust um að senda inn neikvæðar athugasemdir við að Hamarsvirkjun færi í vernd. Svo virðist sem að uppi sé hreinn ásetningur af hálfu sveitarfélaga til að reyna rugla stjórnvöld og almenning með því að greina t.d. ekki á milli veikburða flutningskerfis raforku annars vegar og raforkuframleiðslu hins vegar.

Dreifingarvandi á raforku er ekki það sama og skortur á raforku. Núverandi flutningskerfi hefur ekki verið endurbyggt og styrkt á svæðinu sem stendur þó til bóta og Landvernd styður. Aftur á móti er engin þörf á nýjum virkjunum á Austurlandi sem fyrrum forstjóri Landsnets, Guðmundur Ingi Ásmundssonar staðfesti og sagt að viðbótar raforkuframleiðsla inn á svæðið geti frekar aukið hættu á truflunum á flutningskerfi raforku þar. Forstjórinn

sagði í viðtali við Austurgluggann að með endurnýjun og stækkun tengivirkis á Hryggstekk í Múlaþingi yrði til aukin orka til inn á kerfið með styrkingu á flutningskerfi til viðbótar við uppbyggingu tengivirkisins og yrði þá hægt að nýta umfram raforku frá Kárahnjúkavirkjun ef þarf. Sú viðbótarorka gæti slagað hátt upp í reiknað afl Hamarsvirkjunar. Það stefnir því frekar í offramleiðslu á raforku inn á svæðið ef tillaga ráðherra um Hamarsvirkjun yrði að veruleika.

Sjá útdrátt úr fréttaviðtali hjálagt til staðfestingar.

Austurglugginn fréttablað

29.mars 2025 Orkumál

Enginn ávinningur af frekari virkjunum austanlands.

Á meðan ekki er ráðist í mikla styrkingu raforkuflutningskerfisins verður enginn ávinningur af því að virkja meira á Austur- og Norðurhluta landsins. Slíkt mun, eins og staðan er í dag, einungis auka flutningstakmarkanir í kerfinu og valda frekari truflunum.

Þetta er meðal þess sem fram kom í máli Guðmundar Inga Ásmundssonar, forstjóra Landsnets, í ávarpi sem hann hélt í tilefni af opnun nýrrar miðstöðvar stofnunarinnar á Austurlandi.

Eitt allra stærsta framkvæmdaverkefni Landsnets austanlands er uppsetning nýs tengivirkis að Hryggstekk í Skriðdal. Nýja tengivirkið mun gera mönnum kleift að flytja meiri orku frá Kárahnjúkavirkjun til Austfjarða.


Það að orkuskortur hafi truflað atvinnulíf á Austurlandi og standi frekari uppbyggingu fyrir þrifum er haldlaus staðhæfing, enda er ekki einu sinni gerð tilraun til að færa rök fyrir því eða nefna dæmi hvorki í umsögnum sveitarfélaga né af hálfu ráðherra í samráðsskjali. Sé það afstaða fulltrúa sveitarfélaga að uppsjávarvinnslur á Austurlandi hafi ekki fengið afhent rafmagn eins og reynt hefur verið að bera á borð í upplýsingaóreiðunni liggur fyrir að rökleysan er algjör. Landsvirkjun getur meðal annars staðfest að uppsjávarvinnslur á Austurlandi hafa ekki viljað gera samning um kaup á forgangsorku og því er það alls ekki orkuskorti um að kenna að olía hefur verið brennd hjá stórútgerðinni. Þó getur þurft að styrkja flutningslínur fyrir uppsjávarvinnslur. Þetta er ekki orkuskortur, heldur skortur á vilja til að semja um kaup á raforku og til að endurnýja flutningskerfið á þeim stöðum sem þarf. Hamarsvirkjun hefur ekkert um stöðu atvinnulífs eða fyrirtækja á Austurlandi að gera. Engar líkur eru á að uppsjávarvinnslur muni vilja kaupa raforku af Artic Hydro sem mun ekki selja orku á hrakvirði sem ótrygga orku. Ekkert einkafyrirtæki í raforkuframleiðslu hefur hug á því að koma inn á nýjan raforkumarkað nema því aðeins að hámarka gróða og um leið sjá til þess að búa til eftirspurn til að viðhalda hækkandi raforkuverði.

Það að setja það fram í samráðsskjali að meintur orkuskortur á Austurlandi verði til að hækka orkuverð og geti auk þess leitt til skömmtunar á raforku til almennings er hræðsluáróður. Öll heimili landsins taka aðeins 5% af þeirri raforku sem er framleidd úr orkuauðlindum þjóðarinnar og það er miður að ráðherra skuli fara með þannig áróður í samráðsskjali með tillögu sinni að til skömmtunar og raforkuverðshækkana geti komið. Þar er

Í raun haft í hótunum við almenning og smærri fyrirtæki í sérhagsmunabaráttu sem orkusveitarfélög hafa kosið að beita innan og utan þess landshluta sem ber höfuð og herðar yfir aðra og á heimsvísu í framleiddri orku á per íbúa.

Með rökstuðningi Landverndar hér að ofan gegn haldlausum umsögnum sveitarfélaga í samráðsskjali er viðeigandi að vitna til eftirfarandi í skýrslu rammaáætlunar sem styður vel við þau atriði sem Landvernd hefur sett hér fram á undan en þar segir. „Hvað varðar málefni orkuöryggis á Austurlandi má í þessu samhengi benda á nýútkomna skýrslu um raforkumálefni, sem umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra lagði fyrir Alþingi í nóvember 2024. Þar er fjallað um ýmis málefni orkuöryggis í landshlutum og er þessi umfjöllun um orkuöryggi á Austurlandi (bls. 65) „Kerfisáætlun Landsnets 2021-2032 er varðar langtímaáætlun um þróun flutningskerfis og var samþykkt af Orkustofnun 6. febrúar 2024. Nýtt 220 kV tengivirki á Hryggstekk á Austurlandi mun færa fiskimjölsverksmiðjur inn fyrir flöskuháls í kerfinu og auka aðgengi þeirra að raforku auk þess að bæta raforkuöryggið á svæðinu.“ Jafnframt segir um þessa framkvæmd í framkvæmdaáætlun vegna Kerfisáætlunar Landsnets 2023-2032 bls. 180 „Bygging 220 kV tengivirkisins á Hryggstekk léttir á flöskuhálsi um snið IIIb með því að færa sniðið til (á Teigarhornslínu 1 í stað Fljótsdalslínu 2) þannig að afhendingarstaðir á Austfjörðum út frá Hryggstekk færast inn fyrir sniðið. Við þetta skapast afhendingargeta upp á 40 MW og 200 GWh á ári.“


Niðurstaða Landverndar um innihald samráðsskjals með tilvitnunum í umsagnir sveitarfélaga er að þar hafi verið settar fram órökstuddar staðhæfingar og tilraunir til réttlætningar á málstað sem er byggður á sandi. Áform um nýtingu orku frá Hamarsvirkjun eru svo óreiðukennd að efnið leiðir því miður ekki að niðurstöðu sem hægt er að byggja á, hvað þá að tillaga sé gerð um að taka Hamarsá úr vernd á grunni efnis þessa samráðsskjals. Málflutningur allur og sem vitnað er til í samráðsskjali er meira og minna með beinni skírskotun í orðalag frá fulltrúum orkufyrirtækisins sjálfs, Artic Hydro.



Hamarsá neðan áformaðrar stíflu, hliðarár – fossar og flúðir – farvegur í hættu

Hamarsvirkjun, vindorkuver og efnaverksmiðja á Reyðarfirði?

Fram hefur komið að Artic Hydro hyggst nýta orku úr Hamarsvirkjun sem mótvægisafli fyrir vindorkuver á Fljótsdalsheiði sem ætlað er síðan að framfleyta enn meiri orku í áformaða efnaverksmiðju (ammóníak) á Reyðarfirði. Þegar betur er að gáð stendur ekki steinn yfir steini í áformum um hvað eigi raunverulega að nýta orkuna úr Hamarsvirkjun. Annars vegar virðist virkjuninni ætlað að treysta raforkuöryggi á svæðinu, vera til reiðu fyrir atvinnulíf almennt en án allrar þarfagreiningar eða nánari skýringar. Jafnhliða þessu er sem sagt gefið í skyn að meginverkefnið verði eftir sem áður að veita mótvægisafli fyrir vindorku í umtalsverðri fjarlægð frá Hamarsvirkjun. Að best verður séð hefur verið gerð viljayfirlýsing milli Artic Hydro og erlends orkuframleiðenda með vindorku á Fljótsdalsheiði. Á sama tíma og þessar skýjaborgir með gerólíkum sviðsmyndum um nýtingu orkunnar hafa verið teiknaðar upp er sýnt að engin innistæða er fyrir þeim áformum sem sett hafa verið á svið um rafeldsneytisframleiðslu á Reyðarfirði við hlið Álvers Alcoa, verksmiðju sem dregur til sín nú þegar langsamlega stærsta hluta orkuframleiðslu á Austurlandi. Hér er um að ræða óábyrga spákaupmennsku. Nú þegar hefur efnahagslegt tjón í mörgum tilfellum hlotist af orkufrekum verksmiðjulausnum sem ætti að vera víti til varnaðar.



Litbrigði jarðlaga og gróðurs með fossaröðum í Hamarsá

Arctic Hydro og tengd málefni

Landvernd lítur svo á að þrátt fyrir að náttúruverndin sé stærsti einstaki áhrifapátturinn í stórvirkjanamálum sem þarf að draga fram þá eru fleiri undirliggjandi áhrifapættir sem þarf að varpa ljósi á hluti af vandanum sem náttúruverndin og samfélögin eiga við að glíma þegar stórkostlegur þrýstingur er settur á að við afsölum okkur orkuauðlindum í eigu þjóðar og jafnvel á verndarsvæðum. Fyrirtækið Arctic Hydro sem setur fram þessi áform á landi í

almannaeigu er einkaaðili sem lítið eða ekkert er vitað um. Landvernd hefur ekki rannsóknarheimildir til að bakgrunnskoða fyrirtæki sem ásælast orkuauðlindir og íslenska náttúru eins og hilluvöru fjármagnseigenda. Stjórnvöld sem fara með úthlutun á orkuauðlindum þjóðarinnar þurfa að bakgrunnskoða eða fá heilbrigðisvottun á þau fyrirtæki sem vilja nýta okkar sameiginlegu auðlindir. Hér undir getur ráðherra hins vegar kynnt sér sitthvað um fyrirtækið sem á í hlut og vill leggja undir sig svæði með mjög hátt verndargildi og víðerni í eigu almennings.

Arctic Hydro er í meirihlutaeigu Qair (um 91%). Fjallað hefur verið um skuldastöðu félagsins í Viðskiptablaðinu: <https://vb.is/frettir/85-milljarda-skuldir/> Sjá einnig:

<https://www.austurfrett.is/frettir/radherra-leggur-til-adh-Hamarsvirkjun-verdhi-færdh-i-bidhflokk>

og hér <https://www.austurfrett.is/frettir/fridhlysing-Jökulsár-a-Fjöllum-felld-úr-gildi-einn-virkjunar-í-verndarflokki-þarf-ekki-að-útiloka-að-hrá> Grein heimildarinnar lýsir þrýstingi af hálfu fyrirtækisins og tengdra aðila: <https://heimildin.is/grein/22375/#> og umfjöllun: <https://vatnsidnadur.net/2024/10/31/hamarsvirkjun-i-verndarflokk/> [aðeins](#) eldra tengt efni hér <https://heimildin.is/grein/11474/felag-engeyinga-ad-baki-smavirkjunum-vida-um-land/>

Samfélagsleg áhrif

Það getur ekki verið markmið ráðherra að auka á enn frekari klofning en þegar hefur verið umlykjandi samfélög á Austurlandi allt frá Kárahnjúkavirkjun, þau sár eru ekki gróin meðal íbúa á svæðinu. Það er beinlínis rangt að gefa í skyn að allir kjörnir fulltrúar sveitarfélaga á svæðinu séu hlynntir Hamarsvirkjun, því fer fjarri og þess má meðal annars finna stað í bókunum Múlapings sem hefur látið sig málið hvað mest varða. Að öðru leyti er eftirfarandi að finna í áhrifamati á samfélag í skýrslu rammaáætlunar.

„Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (RHA) bendir á að líkur séu á neikvæðum áhrifum á samheldni samfélagsins. Deilur gætu aukist með Hamarsvirkjun eftir því sem nær dregur framkvæmdum, og togstreita innan sveitarstjórnar hefur þegar borið á góma.“

https://www.rha.is/static/extras/images/17363_matsvisar_og_mat_fimm_kosta_fagh_3_uppfaert_mars_2024160.pdf

Athygli vekur þó hversu rýr í roðinu skýrsla RHA er 2024 og hver viðföng eru frábrugðin skýrslunni sem var gefin út um sama efni árið 2020 en sú skýrsla gefur mun dýpri mynd af stöðunni þar sem miklu mun meiri gagna um samfélagsleg áhrif var aflað með beinum samtölum, sjá hér

https://www.rha.is/static/extras/images/fagh_3_vidtol_v_nokkurra_vatnsvirkjana_i_4_afanga_ra-20102020-loka21.pdf

Það má hverjum ljóst vera að skýrsla RHA 2024 er rýr þegar kemur að mati á samfélagslegum áhrifum og því miður er því ranglega haldið fram í stöku umsögnum að það séu ekki uppi ágreiningur og eða hætta á stórkostlegum klofningi. Til staðfestingar þessu vill Landvernd draga fram hér beinar skírskotanir í svör sveitarstjórnarmanna sem næst standa Hamarsá og upptökum hennar. Orðrétt er eftirfarandi úr skýrslu RHA

„Viðmælendum finnst vera „ógnanir í kerfinu að einkafyrirtæki geti farið inn á staði og potað í þá“

„Sveitarstjóri Fljótsdalshéraðs er formaður Samtaka orkusveitarfélaga sem eru að athuga hvernig sveitarfélög geta mest hagnast á virkjunum. Hugmynd frá Samtökum orkusveitarfélaga er að auka gjaldtöku af virkjunum og deila því jafnar út á milli sveitarfélaga“

„Viðmælandi frá RARIK ræddi mest um stöðu dreifikerfisins en fyrirtækið hefur verið að einbeita sér að því að koma kerfinu jafnt og þétt í jarðstrengi. Undanfarin ár verið lögð áhersla á kafla þar sem mestra truflana hefur gætt. Kerfið er alltaf að batna og verða öruggara.“

„Af umræðunni mátti skilja að menn treysta ekki á að fá nægilega mikla og tryggja orku um byggðalínuna eins og hún er nú“

„Íbúar setji útá að verið sé að farga landi og hafa áhrif á umhverfið. Umræðan bendi jafnframt til að fólk vilji fremur að opinberir aðilar virki og sumir vilji að það séu aðeins heimamenn sem virkja.“

„Viðmælendurnir sögðu að það sé „baksaga í virkjanaumræðu vegna Kárahnjúka sem getur gert umræðuna mjög heiftarlega“

„Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er lítið talað um virkjanakosti nema að því leyti að það er horft með jákvæðum augum til uppbyggingar virkjana **með fyrirvara um sjálfbærni og umhverfisvernd**“

„Það virðist vera að það eigi að kynna þetta fyrir sveitarstjórn þegar er búið að setja þetta inn í Rammaáætlun, mér finnst þetta svolítið seint. Ég hef trú á því að þetta geti verið deilumál, þá sérstaklega þegar kemur að umhverfismálum. Ég held að umhverfismál séu rík í hugsun hjá mörgum. Ég get ekki fullyrt um alla en ég held að þeir sem eru með sterka umhverfisvitund muni láta í sér heyra“

Með þessum útdrætti ætti ráðherra að vera ljóst að tal um samfélagslega sátt um Hamarsvirkjun er úr lausu lofti gripið.

Vanhæfi ráðherra

Í samráðsskjalinu er vísað til „staðgengils“ ráðherra, en ekki vísað til að ráðherra hafi vikið sæti vegna vanhæfis. Samkvæmt Austurfrétt tengist vanhæfið hagsmunum tengdaföður ráðherra í Reykjavík Geothermal (Bolaölduvirkjun).


<https://www.austurfrett.is/frettir/vanhæfi-radhherra-ekki-tengt-Hamarsvirkjun>

Þrátt fyrir að annar ráðherra leggi frumvarpið fram vekja vensl ráðherra umhugsun um að sá kostur var valinn í nýtingu í þessu sama máli var jafnframt eina jarðvarmafyrirtækið sem var valið ásamt fjórum vatnsaflsvirkjunarkostum. Í niðurstöðu er varað við óvissuþáttum í því verkefni og meðal annars lögð áhersla á frekari rannsóknir vegna eftirfarandi:

„Virkjunarkosturinn Bolaalda og áhrifasvæði hans er við þaðar vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins og Ölfuss.“ Landvernd þykir ákvörðunin ekki gagnsæ og myndi vilja sjá frekari gögn um verkefnavalið til að taka af allan vafa.

Eignarhald á landi og vatnasviði Hamarsvirkjunar

Svo virðist sem að sveitarfélög og ríkisvaldið sjálft greini ekki alltaf á milli skipulagsvalds og eignarhalds en í tilfelli áhrifasvæðis Hamarsvirkjunar er allur meginhluti lands á áhrifasvæði í eigu ríkisins á ríkisjörðum. Svæðið er langt innan miðhálandislínu og ætti að hafa fylgt þjóðlendu. Óháð því er ástæða til að minna á að lendur þær sem ná yfir megináhrifasvæði ef kæmi til virkjunar eru eftir sem áður ríkisjarðir í þjóðareigu. Það er ekkert privat mál að mati Landverndar að erlent einkafyrirtæki með aðstoð vilhallra tímabundinna kjörinna fulltrúa ráðist að svæðum með svo hátt verndargildi og krefjist þess án rökstuðnings að fórna því fyrir aðra og minni hagsmuni á kostnað náttúru og samfélags. Vert er að minna á að eins og sést á skýringarmynd hér undir að vatnasvið þessara tveggja áformaðra virkjana eru því sem næst á samliggjandi vatnasviði og þessum síðustu víðernum á Hraunasvæðinu.



Á mynd má sjá að áhrifasvæði Hamarsvirkjunar er innan ríkisjarða

Lokaorð

Í umsögn þessari hefur Landvernd fært rök fyrir máli sínu öfugt við samráðsskjal þar sem er viðurkennt að tillagan byggi ekki á rökum. Landvernd leggur áherslu á að ráðherra virði faglega niðurstöðu Rammaáætlunar og hátt verndargildi áhrifasvæðis Hamarsvirkjunar sem færð eru fram með óbyggjandi rökum, dragi tillöguna til baka og komi í veg fyrir frekara uppnám en þegar hefur verið skapað um stjórnþækið í rammaáætlun. Ákvarðanir æðstu stjórnsýslu landsins við mat á náttúrufari landsins verða að vera byggðar á vönduðu sérfræðimati en ekki pólitískri hagsmunagæslu.

Með vinsemd og virðingu,

f.h. stjórnar Landverndar

Þorgerður María Þorbjarnardóttir, formaður